

Handbók um samskipta- og/eða eineltismál

2025-2026

Efnisyfirlit

Stefna Grunnskólans í Borgarnesi í samskiptamálum	3
Tilgangur	3
Markmið	3
Skilgreiningar	4
Ábyrgð	6
Hlutverk skóla	7
Hlutverk nemenda	7
Hlutverk heimilis	7
Forvarnir	8
Verkefni Borgarbyggðar	10
Teymi skólans	11
Lausnateymi	11
Skipan lausnarteymis	11
Fundartímar	12
Vinnulag	12
Lausnir	13
Samskipta- og eineltisteymi	14
Skipan eineltisteymis	14
Fundartímar	14
Vinnulag	15
Nemendaverndarráð	17
Skipan nemendaverndarráðs.	17
Fundartímar	17
Vinnulag	18
Starfsárið	19
Viðbragðsáætlun	20

Stefna Grunnskólans í Borgarnesi í samskiptamálum

Einkunnarorð skólans eru: Sjálfstæði – Ábyrgð – Virðing – Samhugur. Við viljum innleiða þau í allt okkar skólastarf. Grunnskólinn í Borgarnesi leggur áherslu á að skapa jákvætt og uppbyggjandi umhverfi þar sem öllum líður vel. Skólinn vinnur að fyrirbyggjandi aðgerðum með þverfaglegu starfi starfsfólks og leitast eftir samstarfi við heimili og samfélag um nám og velferð nemenda. Skólinn starfar eftir uppbyggingarstefnunni Uppeldi til ábyrgðar (e. restitution) sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga. Með Uppeldi til ábyrgðar þjálfast nemendur í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum.

Samskipta- og eineltisáætlun auðveldar okkur að stuðla að jákvæðum skólabrag og samvinnu. Samskipta- og eineltisáætlunin er í fjórum hlutum sem eru: stefna í samskiptamálum, forvarnir, teymi skólans og hlutverk þeirra, og viðbragðsáætlun. Samskipta- og eineltisáætlun er byggð á efni um einelti og samskipti, auk þess sem byggt er á markmiðum Uppbyggingarstefnunnar og stuðst við samskiptaáætlanir annarra skóla.

Tilgangur

Samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) skulu grunnskólar móta sér heildstæða stefnu um það hvernig eigi að fyrirbyggja að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfinu.

Samskipta- og eineltisáætlun Grunnskólans í Borgarnesi er mótuð og endurskoðuð af samskipta- og eineltisteymi og borin undir skólastjóra. Viðbragðsáætlun er ætlað að fullnægja ákvæði laga um grunnskóla (nr. 91/2008) sem segir að: “skólar skuli hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilkynningum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Áætlun skal m.a. framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.” Skólareglur má finna ----- [hér](#) -----.

Markmið

Markmið handbókarinnar er að með ítarlegri samskipta- og eineltisáætlun megi stuðla að jákvæðum samskiptum og auka þekkingu nemenda, foreldra og starfsfólks á einkennum samskiptavanda og eineltis. Með þekkingu og sýnileika eiga hlutaðeigandi aðilar að vita hvernig hægt sé að bregðast við, hvert sé hægt að leita eftir aðstoð og hafa hugmynd um vinnslu og úrvinnslu mála. Mikilvægt er að allir geti leitað ráða og stuðnings hvort sem um samskiptavanda eða grun um einelti sé að ræða.

Skilgreiningar

Einelti getur haft margar birtingarmyndir en alvarleiki eineltis felst ekki síst í því að um endurteknar neikvæðar og meiðandi athafnir er að ræða og að valdaójafnvægi hefur myndast eða verið til á milli geranda og þolanda. Í samskiptum nemenda eru árekstrar daglegt brauð en árekstrar eru alla jafna leystir jafn óðum. Samskiptavandi verður alvarlegur þegar ekki næst að leysa málin og þegar samskipta mynstrið heldur áfram dögum og vikum saman. Mikilvægt er að foreldrar og starfsfólk skóla kenni nemendum að leysa ágreining og aðstoði við það verkefni þegar illa gengur. Þannig styrkist félagsfærni barnanna og þannig má fyrirbyggja alvarlegan samskiptavanda og einelti. Ofbeldi getur verið líkamlegt, andlegt, félagslegt og kynferðislegt. Ofbeldi er vísitandi beitt í þeim tilgangi að meiða eða skaða aðra manneskju. Skólareglur kveða á um alvarleika ofbeldisbrota og viðurlög við þeim.

Einelti:

Síendurtekin hegðun, andlegt eða líkamlegt ofbeldi og/eða félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann. Einelti er hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda ótta. Einelti á sér stað á milli tveggja einstaklinga eða einstaklings og hóps

Ofbeldi:

Beiting krafta eða valds til að meiða annan líkamlega eða andlega

Áreitni:

Endurtekin óvelkomin athygli og/eða ósk eftir samskiptum við einhvern sem kærir sig ekki um það

Birtingarmyndir eineltis

Einstaklingur sem lagður er í einelti líður illa og finnur til varnarleysis. Algengt er að einstaklingurinn vilji ekki segja frá því sem gerist svo hann hljóti ekki verra af. Einelti fer oft fram þar sem enginn sér. Það er mjög áríðandi að við öll þekkjum einkenni eineltis.

Einelti getur birst í mörgum myndum, það getur verið:

- **Andlegt:** Þvingun til að gera eitthvað gegn vilja sínum, réttlætiskennd og/eða sjálfsvirðingu
- **Félagslegt:** Baktal, útskúfun, róg dreift um viðkomandi, útilokun, hundsun og/eða höfnun frá vinahópi
 - **Munnlegt:** Uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni, hótanir, niðurlæging og síendurtekin stríðni
 - **Skriflegt/Rafrænt:** Neikvæð skilaboð eða athugasemdir yfir netið s.s. samfélagsmiðla eða úr síma, krot, bréfasendingar

- Óbeint: Neikvæð líkamstjáning, svo sem augnagotur, andlitsgrettur og/eða svipbrigði
- Líkamlegt: Barsmíðar, spörk, hrindingar
 - Efnislegt: Hlutum stolið, þeir skemmdir eða eyðilagðir

Ekki er um að ræða einelti ef atvikið á sér stað einu sinni. Stríðni verður hins vegar að einelti þegar um endurtekið áreiti í langan tíma af einum eða fleiri er að ræða.

Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki undir einelti

Vísbendingar um einelti

Verði foreldrar eða starfsmenn skóla varir við einhver neðangreind einkenni eða önnur sem benda til að barni líði illa er mikilvægt að kanna málið. Allir sem hafa vitneskju um hvers konar líkamlegt eða andlegt ofbeldi meðal nemenda ber að tilkynna það strax.

Breytt hegðun og líðan geta verið vísbendingar um að einstaklingur sé lagður í einelti.

Upptalningin hér að neðan er ekki tæmandi.

Tilfinningalegar t.d.

- Breytingar á skapi.
- Endurtekinn grátur og viðkvæmni.
- Svefntruflanir eða martraðir.
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi eða ofát.
- Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði.
- Depurð, þunglyndiseinkenni eða sjálfsvígshugsanir.

Líkamlegar t.d.

- Aukning á kvörtunum yfir höfuðverk eða magaverk.
- Kvíðaeinkenni, eins og að naga neglur, stama eða ýmis konar kækir.
- Skrámur eða marblettir sem barnið getur ekki útskýrt.
- Rifin föt eða skemmdar eigur.

Félagslegar t.d.

- Barnið virðist einangrað og einmana.
- Barnið fer ekki í og fær ekki heimsóknir.
- Barnið vill ekki taka þátt í félagsstarfi og á fáa eða enga vini.

Hegðun t.d.

- Óútskýranleg skapofsaköst eða grátköst.
- Barnið neitar að segja frá hvað amar að.
- Árásargirni og erfið hegðun.

Í skóla t.d.

- Barnið hræðist að fara eitt í og úr skóla, biður um fylgd eða fer aðra leið.
- Barnið leggur fyrr eða seinna af stað í skólann en venjulega.
- Barnið mætir oft seint eða byrjar að skrópa.
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum, til dæmis leikfimi og sund.
- Barnið hættir að sinna náminu, einkunnir lækka, erfiðleikar með einbeitingu.
- Barnið einangrar sig frá skólafélögum.
- Barnið forðast að fara í frímínútur.

Á heimili t.d.

- Neitar að fara í skólann.
- Dregur sig í hlé.
- Týnir peningum og/eða öðrum eignum.
- Neitar að leika sér úti eftir skóla.
- Byrjar að leggja önnur börn eða systkyni í einelti.
- Reynir að fá foreldra sína til að tala við kennarann, skólafélagana eða aðra foreldra.
- Verður niðurdregið eða órólegt eftir frí.

Stefnufirlýsing samskipta

Starfsfólk skólans lætur sig varða samskipti nemenda og leggur sig fram um að líðan þeirra innan og utan skólans sé sem best. Brugðist verður við vandamálum eins og félagslegri einangrun og einelti eins fljótt og vel og kostur er. Mestu skiptir að í skólanum mæti nemendur hlýju viðmóti ásamt festu og öryggi.

- Allt starfsfólk lætur sig varða velferð nemenda og er þeim góð fyrirmynd.
- Einelti er ekki liðið í Grunnskólanum í Borgarnesi.
- Í Grunnskólanum í Borgarnesi á að segja frá einelti.
- Skólinn telur mjög mikilvægt að öllum líði vel í honum.
- Starfsfólk telur mjög mikilvægt að grundvallarréttur allra að fá að vera óáreittur sé virtur.
- Starfsfólk og nemendur virða skólareglur og ríkja skal gagnkvæm virðing í samskiptum.
- Samskipti í skólanum grundvallast af kurteisi, gagnkvæmri virðingu og tillitsemi.
- Allir gæta þess að virða rétt annarra í námi, starfi og leik.

Ábyrgð

Grunnskólinn í Borgarnesi leggur ríka áherslu á samvinnu heimilis og skóla. Við berum sameiginlega ábyrgð á velferð nemenda, en stór liður í því er að takast á við samskipti, samskiptavanda, einelti og ofbeldi í sameiningu.

Hlutverk skóla

- Starfsfólk skólans fylgir forvarnaráætlun og skilar fjölbreyttri fræðslu til nemenda.
- Starfsfólk skólans grípur inn í þegar vart er við samskiptavanda eða einelti.
- Starfsfólk skólans vinnur með aðilum málsins með fjölbreyttum og viðeigandi hætti og velur inngrip sem hjálpa bæði einstaklingum og hópum.
- Starfsfólk skólans tekur skýra afstöðu gegn einelti og ofbeldi og lætur það skýrt í ljós í samtölum við nemendur.

Hlutverk nemenda

- Nemendur sýna samnemendum kurteisi, tillitsemi og þolinmæði.
- Nemendur virða skólareglur.
- Nemendur setja öðrum nemendum mörk.
- Nemendur benda gerendum á óviðeigandi samskipti hvort sem þau beinist að sér eða öðrum nemendum.
- Nemendur láta fullorðinn einstakling, kennara, starfsmann eða foreldri, vita af samskiptavanda eða einelti.

Hlutverk heimilis

Grunnur að góðum samskiptum er lagður á unga aldri og eru foreldrar bestu fyrirmyndir barna sinna. Foreldrar eru hvattir til að ræða reglulega um samskipti og líðan við börn sín. Ef þeir hafa áhyggjur af líðan barnanna er mikilvægt að hafa strax samband við umsjónarkennara og einnig ef þeir hafa grun um samskiptavanda og/eða einelti í bekknum eða skólanum. Gott samstarf og upplýsingaflæði milli heimila, og milli heimila og skóla er grundvöllur þess að vel gangi að sporna við einelti.

- Foreldrar þjálfar börn sín í félagsfærni og samskiptum.
- Foreldrar eru í góðum samskiptum við aðra foreldra í vinahóp og árgangi.
- Foreldrar aðstoða börn sín við að leysa vandamál.
- Foreldrar taka eineltis og ofbeldismál alvarlega hvort sem börn þeirra séu þolendur, gerendur eða áhorfendur.

Forvarnir

Stefnur og áherslur Grunnskólans í Borgarnesi í samskiptaforvörnum

Uppbyggingarstefnan

Í Uppbyggingarstefnunni eru mörg hagnýt verkefni sem stuðla að farsælum samskiptum. Allir nemendur vinna þarfagreiningu og æfa sig í að þekkja þarfir sínar og annarra.

Umsjónarkennarar þjálfar nemendur í að skilja mitt og þitt hlutverk.

Nemendur sjá fyrir sér drauma kennslustofuna og setja sér bekkjarreglur í samræmi við það.

Nemendur eru þjálfaðir í að þekkja lífsgildi sín og virða lífsgildi annarra. En lífsvagninn er verkfæri sem nýtist nemendum við að vinna úr erfiðum tilfinningum, hugsunum eða hegðun. Sáttaleiðin er útfærð í öllum tvenndum, þar er afmarkað svæði þar sem nemendur eru þjálfaðir í að leysa ágreining.

Innlögn um sáttaleiðina fer fram samhliða annarri innlögn um Uppbyggingarstefnuna strax að hausti og upprifjun að vori.

Uppbyggingarstefnan er kennd samkvæmt kennsluáætlunum fyrir hvern árgang.

Áætlun skólans – Uppeldi til ábyrgðar – með verkefnum og áætlunum, aðgengilegt fyrir hvern árgang.

allir árgangar

Bekkjarfundir

Bekkjarfundir eru skipulagðir fyrir hverja viku skólaársins.

Bekkjarfundum fylgja reglur um fundarform og samskipti.

Á bekkjarfundum eru nemendur meðal annars fræddir um hlutverk og þátttöku í einelti og ofbeldi.

Ýmis mál eru tekin fyrir á bekkjarfundum en a.m.k. einu sinni í mánuði fjallar bekkjarfundur um jákvæð samskipti, einelti, ofbeldi eða önnur mál sem styrkja félagsfærni nemenda og jákvæð samskipti í bekknum. Einu sinni í mánuði er nýttur bekkjarfundakassinn og rætt um þau mál sem þar bera á góma.

allir árgangar

Einstaklingsviðtöl umsjónarkennara

Umsjónarkennarar taka einstaklingsviðtöl við nemendur sína í október og febrúar ár hvert.

Viðtölin eru mikilvæg forvörn, þau styrkja tengsl nemenda og kennara og veita kennurum innsýn inn í líðan eða atburði sem að öðrum kosti gætu farið óséð.

Í viðtalinu styðjast umsjónarkennarar við viðtalsramma en aðlaga spurningar að aldri nemenda. Umsjónarkennarar gera samskipta- og eineltisteymi grein fyrir frávikum og áhyggjum.

Tengslakannanir

Náms- og starfsráðgjafi leggja tengslakönnun fyrir nemendur í byrjun nóvember og enda mars.

Náms- og starfsráðgjafi les úr tengslakönnunum.

Náms- og starfsráðgjafi lætur umsjónarkennara vita um niðurstöður þeirra.

Náms- og starfsráðgjafi fjallar um niðurstöður þeirra á fundi samskipta- og eineltisteymis þar sem inngrip eru skipulögð. Tengslakannanir eru staðlaðar fyrir yngri- og eldristig.

3. til 10. Bekkur

Dagur gegn einelti

Árleg vitundarvakning um jákvæð samskipti er haldin á degi gegn einelti þann 8. nóvember ár hvert. Skólinn tekur þátt í vitundarvakningunni sem hefur skipulaggt framkvæmd dagsins hvert ár fyrir sig.

allir árgangar

Óreglulegir fyrirlestrar og inngrip

Kynningar og fræðsla á vegum skólans, samskipta- og eineltisteymis, kennara, deildarstjóra og náms- og starfsráðgjafa.

Þegar um mál sem eru í bekkjum, þvert á skólastig eða milli bekkja/skólastiga sem virðast vera að vinda upp á sig. Þá getur skóli skoðað úrræði sem vinna með þeim einstaklingum sem eiga í hlut eða hópnum í heild.

allir árgangar

WATCH hópráðgjöf

Með WATCH hópráðgjöfinni eru lögð inn verkefni og verkfæri til að takast á við streitu, kvíða, neikvæða sjálfsmynd, áreiti af ýmsu tagi og bætt samskipti. Nemendur fá tækifæri til að fara á dýptina með jafningjastuðningi og reglulegum einstaklingsviðtölum við náms- og starfsráðgjafa. WATCH er unnið í 5-8 nemenda hópum.

8. til 10. bekkur

Önnur félagsfærni- og leiðtogaþjálfun

- Kennsluefnið Spor er notað í lífsleikni # 1. til 4. bekkur.

- Kennsluefnið Ertu? er notað í lífsleikni # 7. bekkur.
- Verkfærakistan er notuð eftir þörfum # 1. til 10. bekkur.
- Klípusögur eru notaðar eftir þörfum # 1. til 10. bekkur.

SAFT

Allir árgangar vinna samþættingar eða þemaverkefni í kringum námsefni SAFT einu sinni til tvisvar á ári. Námsefni SAFT leggur áherslu á fræðslu um netöryggi og samskipti.

Unglingastig velur úr verkefnunum: Kostir og gallar samfélagsmiðla, Tökumst á við fordóma, Neteinelti og hatusorðræðu, Námsefni tengt stuttmyndinni “Fáðu já”, Vírus.

Miðstig velur úr verkefnunum: Falskar fréttir, Kostir og gallar farsímanotkunar, Ábyrgð á netinu, Máttur orða, Er í lagi að segja hvað sem er á netinu?, Aukaefni, Tökumst á við neteinelti, Gagnrýnin hugsun og netið, Að ná tökum á vefnum, Rusleyjan.

Yngsta stig velur úr verkefnunum: Andrés önd - samskipti á netinu, Bækur: Hrekklaus fer á netið, leikurinn, afmælisveislan og verkefnið Ævintýri Emblu í netbæ (5-6 ára) og ævintýri kaftens Kjærnested á nethafinu (7-9 ára).

allir árgangar

Verkefni Borgarbyggðar

SAMAN hópurinn

SAMAN er samstarfshópur um að auka samstarf fólks sem vinnur að forvörnum og vinnu með börnum og unglingum.

Hópurinn vinnur að því að vekja athygli á þeirri ógn sem stafar af útbreiðslu áfengis og vímuefna, beina athygli forráðamanna á ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar.

Starf hópsins miðar að því að styrkja og styðja forráðamenn í sínu uppeldishlutverki.

Kynfræðslustefna Borgarbyggðar

Stefnan leggur áherslu á auna kynfræðslu sem samheiti yfir þá fræðslu og þroska sem stuðlar að kynheilbrigði og hjálpar einstaklingum að taka sjálfstæðar ákvarðanir sínar á ævinni.

Er stefnan til að efla kyn- og geðheilbrigði með áherslu á bættu þekkingu og þroska barna, þar með talið félagslegan- og tilfinningaþroska, efling sjálfsmýndar, samskiptafærni, ábyrgðar hegðunar og réttlætis.

allir árgangar

Teymi skólans

Lausnateymi

Lausnateymi er teymi innan skólans sem sér um að kortleggja stöðu barna og leita lausna til stuðnings þeim.

Í lausnateymi eru félagsleg samskipti, hegðun, nám og líðan barna rædd og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barns. Málið getur varðað einstaka börn eða barnahópa í námi þeirra, starfi og leik.

Mál einstaka nemanda fer aldrei fyrir lausnateymi nema með samþykki foreldra / forráðamann.

Skipan lausnateymis

Í lausnateymi sitja 2-3 fulltrúar grunnskóla og fulltrúi skólaþjónustu t.d.:

Fulltrúar grunnskóla geta verið:

- skólastjóri og/eða fulltrúi hans
- sérkennari/ar
- velferðarkennari
- deildarstjóri/ar
- náms- og starfsráðgjafi
- þroskaþjálfari

Fulltrúi skólaþjónustu geta verið:

- kennsluráðgjafi
- hegðunarráðgjafi

Einnig getur fulltrúar teymisins kallað inn aðra eftir þörfum s.s. skólahjúkrunarfræðing, skólasálfræðing, unglingaráðgjafi, félagsráðgjafi

Í **lausnateymi** sitja:

- **Velferðarkennari** – Kristín Erla Einarsdóttir
- **Aðstoðarskólastjóri** – Arna Einarsdóttir
- **Sérkennari** – Helena Björk Guðmundsdóttir
- **Þroskaþjálfari** – Fanney Þorkelsdóttir
- **Verkefnastjóri á fjölskyldusviði Borgarbyggðar** – Fjóla Benediktsdóttir

Fundartímar

Lausnateymið fundar að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði á starfstíma skóla og fer yfir stöðu mála.

Viðbótarfundir eru boðaðir ef þurfa þykir.

Lausnateymi vísar þeim málum til nemendaverndarráðs sem ekki hefur tekist að finna viðeigandi lausnir á. Teymið getur óskað eftir aðstoð sérfræðinga ef þurfa þykir t.d. kennsluráðgjafa, talmeinafræðingi, atferlisráðgjafa o.fl.

Markmið teymisins eru að:

- veita kennara stuðning og ráðgjöf
- meta þann vanda sem liggur fyrir
- meta þarfir nemenda með hliðsjón af upplýsingum um þá
- leita viðeigandi lausna

Vinnulag

Áður en sótt er um í lausnateymið þarf að vera búð að forvinna mál. Kennari hefur leitað leiða til að leysa vandann, stuðst við skólareglur og rætt við deildarstjóra, nemanda, foreldra og samstarfsfólk til þess að leita lausna en ekki borið árangur. Vandí getur verið hegðunar og/eða samskiptavandi, námsframvinda, ástundun og fleira.

Starfsmenn senda tilvísun til lausnateymis á sérstöku eyðublaði þar sem vandanum er lýst og fram kemur hvað hefur verið gert. Lausnateymið tekur fyrir tilvísanir frá starfsmönnum.

Tilvísandi er kallaður á fund teymisins ásamt umsjónarkennara, sé hann ekki sá sem lagði fram tilvísun, og farið er í lausnaleit. Gerð er áætlun um næstu skref og lagðar fram hugmyndir að lausnum sem mögulegt væri að nota.

Lausnateymi fer yfir umsókn frá kennara, greinir vanda og staðsetur málið á stig. Hægt er að endurskoða mál ef þurfa þykir. Mál geta færst milli stiga.

Stig 1

Lausnateymi fundar með þeim sem leggur inn beiðni og kynnir honum tillögur að lausnum teymisins út frá framlögðum gögnum.

Stig 2

Fulltrúar lausnateymis (endur)funda með viðkomandi kennara og viðeigandi aðilum. Lausnateymi gerir aðgerðaráætlun með viðeigandi tímaramma og kynnir kennara tillögur teymisins.

Stig 3

Bjargir lausnateymis duga ekki til. Málinu vísað til nemendaverndar.

Hugmyndir að lausnum lausnateymis

Aðlöguð stundarskrá

ÍSAT kennsla

Sérkennsla

Blöndun í árgangi

PECS

Stuðning inn í bekk

Einstaklingsnámskrá

Samstarf við „aðra“

Félagsfærniþjálfun

Atvinnutengt nám

Auka list- og verkgreinar

Auka sund/íþróttir

TEACCH vinnubrögð

Skólaforðunar viðbrögð

Fræðsla í bekk

Ráðgjafaviðtal

Skimanir

AEPS

Málhljóðamælirinn

AHA skráning

Lesfimi

Lestrarskimun

Orðarún

Talnalykill

Atferlisfræðingur

Iðjuþjálfari

Sérkennari

LOGOS

Málþroskamat

Talmeinafræðingur

Þroskaþjálfari

Virknimatsráðgjafi

Skynúrvinnslumat

Hreyfiþroskamat

Tengiliður farsældar

Náms- og starfsráðgjafi

Samskipta- og eineltisteymi (SE-teymi)

Samskipta- og eineltisteymið er hópur sem leitar leiða þegar grunur um samskiptaörðuleika og/eða einelti kemur upp. Hlutverk teymisins er að taka til meðferðar mál sem eru tilkynnt á hnappi á heimasíðu grunnskólans eða er vísað beint til teymisins. Teymið hefur umsjón með vinnu samskipta-/eineltismála innan skólans og veitir kennurum, nemendum og foreldrum leiðsögn.

Skipan samskipta- og eineltisteymis

Aðstoðarskólastjóri er teymisstjóri SE-teymis.

Fulltrúar eru oftast fjórir eða fleiri með aðstoðarskólastjóra og geta verið:

- iðjuþjálfari
- sérkennari
- velferðarkennari
- náms- og starfsráðgjafi
- þroskaþjálfari
- sviðstjóri

Einnig er kallaður inn umsjónarkennari þolanda/geranda

Í *samskipta- og eineltisteymi* sitja:

- **Aðstoðarskólastjóri** – Arna Einarsdóttir
- **Velferðarkennari** – Kristín Erla Einarsdóttir
- **Náms- og starfsráðgjafi** – Kristjana Bjarklind Sigurðardóttir
- **Sérkennari** – Helena Björk Guðmundsdóttir

Fundartímar

Teymið fundar að jafnaði einu sinni í viku á starfstíma skóla og fer yfir stöðu mála í skólanum.

Viðbótarfundir geta verið boðaðir eftir þörfum, þá jafnan þegar ný mál hafa verið tilkynnt.

Hlutverk teymisins

- Gerir áætlanir um úrvinnslu mála.
- Skiptir með sér verkum og fylgir eftir áætlunum um úrvinnslu mála.
- Hefur yfirsýn yfir samskiptaforvarnir og tekur við hugmyndum um úrbætur.
- Kynnir forvarnir, samskiptaáætlun og starfsemi samskipta- og eineltisteymis fyrir starfsfólki skólans.
- Rannsakir tilkynningar um samskiptavanda, einelti eða ofbeldi.

Hlutverk umsjónarkennara í teyminu

- Vera umsjónarmaður rannsókna.
- Fylgja málinu með samskipta- og eineltisteyminu.
- Fylgjast með samskiptum.
- Meta árangur af inngripum.

Vinnulag

Þegar tilkynnt er um samskiptavanda eða einelti fer eftirfarandi ferli í gang:

- Samskipta- og eineltisteymi virkjað.
- Samskipta- og eineltisteymi með umsjónarkennara ræða við þolanda og forráðamann.
- Umsjónarkennari sér um frumrannsókn í 2 vikur.
- Æskilegt er að strax sé gripið til aðgerða þannig að eineltið stoppi og ekki líði meira en 3 vikur þar til niðurstaða hefur fengist í frumrannsókn máls.
- Gögnum safnað s.s. skráningar úr Mentor, tengslakannanir, upplýsingar frá kennurum, starfsfólki og nemendum.
- Umsjónarkennari ber ábyrgð á eftirfylgni s.s. skráningu.
- Samskipta- og eineltisteymi kemur saman, metur stöðuna og gerir aðgerðaráætlun í samráði við umsjónarkennara.

Samskiptavandi

- Umsjónarkennari undirbýr samskiptaáætlun og vinnur með bekkinn.
- Umsjónarkennari ræðir við forráðamenn tengdra aðila.

1.stig-einelti

- Umsjónarkennari með málastjóra úr samskipta- og eineltisteymi taka viðtal við þolanda og forráðamann/menn hans.
- Umsjónarkennari með málastjóra úr samskipta- og eineltisteymi taka viðtal við geranda/gerendur og forráðamann/menn hans.
- Starfsmönnum skólans, starfsmönnum íþróttamannvirkja og félagsmiðstöð tilkynnt um eineltið með tölvupósti og þeir hvattir til að fylgjast með og skrá í Mentor ef ástæða er til. Þeir sem ekki hafa aðgang að Mentor nota skráningarblöð.
- Umsjónarkennari með samskipta- og eineltisteymi vinna að aðgerðaráætlun til úrvinnslu sem gildir í að meðaltali 4-6 vikur.

2.stigs-einelti

- Samskipta- og eineltisteymi með umsjónarkennara taka viðtal við þolanda og forráðamann/menn.
- Samskipta- og eineltisteymi með umsjónarkennara taka viðtal við geranda og forráðamann/

menn.

- Úrræði aukin.
- Aðgerðaráætlun gildir í að meðaltali 4 vikur.

3.stigs-einelti

- Samskipta- og eineltisteymi með umsjónarkennara og deildarstjóra taka viðtal við þolanda og forráðamann/menn.
- Samskipta- og eineltisteymi með umsjónarkennara og deildarstjóra taka viðtal við geranda og forráðamann/menn.
- Úrræði aukin.
- Samstarfi komið á/aukið milli foreldra hlutaðeigandi aðila.
- Aðgerðaráætlun gildir í að meðaltali 4 vikur.
- Ef æskileg úrvinnsla finnst ekki í málum er málinu vísað til nemendaverndarráðs.
- Ef að um síendurtekna hegðun er að ræða er hægt að ráðfæra málið við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS).

Eftirfarandi atriði á við öll stig eineltismála – Lokun mála

- Þegar þolandi og foreldrar hans segja að eineltinu sé lokið.
- Ef að þolandi/gerandi hættir í skólanum er málinu lokað.
- Lokun máls er tilkynnt öllum starfsmönnum skólans og öðrum sem hafa komið að málinu.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Skipan nemendaverndarráðs.

Skólastjóri skipar nemendaverndarráð til eins árs

Í nemendaverndarráði eiga sæti:

- skólastjóri og/eða fulltrúi hans
- sérkennslustjóri
- fulltrúi skólaheilsugæslu
- fulltrúi skólaþjónustu sveitarfélags
- náms- og starfsráðgjafi

Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Í **nemendaverndarráði** sitja:

- Skólastjóri
- Deilarstjóri stoðþjónustu
- Náms- og starfsráðgjafi
- Verkefnastjóri á fjölskyldusviði Borgarbyggðar
- Sálfræðingur
- Skólahjúkrunarfræðingur
- Fulltrúi félagsþjónustu

Fundartímar

Nemendaverndarráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði á starfstíma skóla og fer yfir stöðu mála í skólanum.

Viðbótarfundir geta verið boðaðir eftir þörfum.

Umsjónarkennari/lausnateymi vísar þeim málum til nemendaverndarráðs sem ekki hefur tekist að leysa með aðstoð lausnateymis. Teymið skiptir með sér málum, hafa umsjón með því ásamt tilvísunaraðila og geta óskað eftir aðstoð sérfræðinga eftir þörfum, t.d. ráðgjafar frá menntasviði, kennsluráðgjafa, sálfræðing o.fl.

Markmið teymisins eru:

- Veita kennara stuðning og ráðgjöf
- meta þann vanda sem liggur fyrir
- meta þarfir nemenda með hliðsjón af upplýsingum um þá
- leita viðeigandi lausna

Vinnulag

Áður en sótt er um í lausnateymið ***Vísun mála til nemendaverndarráðs.***

Fái nemandi ekki fullnægjandi aðstoð vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til nemendaverndarráðs.

Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu.

Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar skólaþjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu.

Að jafnaði skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur.

Nemendaverndarráð skal taka fyrir málefni sem vísað er til ráðsins eins fljótt og auðið er.

Starfsárið

Ágúst

- Samskiptaáætlun er yfirfarin og gerð áberandi.
- Samskiptaáætlun ársins kynnt fyrir starfsfólki.
- Umsjónarkennarar geri ráð fyrir bekkjarfundum í hverri viku skólaársins.
- Umsjónarkennarar búa til bekkjarreglur í samvinnu við nemendur.

September

- Samskiptaáætlun kynnt fyrir foreldrum.
- Samskiptaáætlun kynnt í hverjum árgangi.

Október

- Umsjónarkennarar í 1. til 10. bekk taka einstaklingsviðtöl við nemendur og tilkynna frávik eða áhyggjur til samskipta- og eineltisteymis.

Nóvember

- Náms- og starfsráðgjafi leggur fyrir tenglsakannanir í 3. til 10. bekk í byrjun mánaðar, en frávik eru tekin til umfjöllunar á fundi samskipta- og eineltisteymis
- Dagur jákvæðra samskipta.

Desember

- Umsjónarkennarar senda samskipta- og eineltisteymi rafrænt yfirlit yfir bekkjarfundi haustannar.

Janúar

- Unnið er með einkunarorð skólans (Sjálfstæði – Ábyrgð – Virðing – Samhugur) og þau sambætt við kennslu í öllum námsgreinum.

Febrúar

- Umsjónarkennarar í 1. til 10. bekk taka einstaklingsviðtöl við nemendur og tilkynna frávik eða áhyggjur til samskipta- og eineltisteymis.

Mars

- Náms- og starfsráðgjafi leggur fyrir tenglsakannanir í 3. til 10. bekk í enda mánaðar, frávik eru tekin til umfjöllunar á fundi eineltisteymis.
- Samskipta- og eineltisteymi skoðar niðurstöður skólapúlsins.

Maí

- Umsjónarkennarar senda samskipta- og eineltisteymi rafrænt yfirlit yfir bekkjarfundi vorannar.
- Eineltisteymi vinnur úr athugasemdum kennara og uppfærir samskiptaáætlun.

Viðbragðsáætlun

Þegar grunur vaknar um samskiptavanda, einelti eða ofbeldi er eftirfarandi verklagi fylgt:

1. Tilkynningar

- Tilkynningarblöð eru aðgengileg á síðu grunnskólans og hjá ritara.
- Allt starfsfólk skólans, nemendur og foreldrar geta tilkynnt grun um samskiptavanda, einelti eða ofbeldi.
- Tilkynning er einnig fyllt út ef grunur vaknar eftir tengslakönnun eða einstaklingsviðtal við umsjónarkennara.
- Tilkynningu er hægt að skila til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, náms- og starfsráðgjafa eða biðja skólaritara að skila inn tilkynningarskjali til teymisins.

2. Málið er rannsakað

- Samskipta- og eineltisteymi ber ábyrgð á tilkynningu til umsjónarkennara um að byrja rannsókn máls.
- Mál eru rannsökuð um leið og mál er tilkynnt til umsjónarkennara og stendur í 1-2 vikur.
- Rannsókn fer fram, eftir atvikum, með upplýsingaúrvinnslu frá kennurum, starfsfólki, og nemendum, og fleiri aðferðum.

3. Umræða samskipta- og eineltisteymis

- Málið og rannsókn þess er lagt fyrir samskipta- og eineltisteymi til umræðu.
- Þegar rannsókn þykir sýna fram á samskiptavanda, einelti eða ofbeldi gerir teymið áætlun um inngrip, sem eru endurskoðuð á fjögurra vikna fresti.
- Áætlun um inngrip tekur mið af eðli málsins og alvarleika þess.
- Þegar rannsókn þykir ekki sýna fram á einelti eða ofbeldi er málinu vísað til umsjónarkennara/lausnateymis.

4. Máli lokað eða vísað áfram

- Þegar mál eru leyst er umræða um lokun máls tekin fyrir á fundi samskipta- og eineltisteymis.
- Eftir atvikum er nemendum, foreldrum og kennurum sem eiga aðild að málinu tilkynnt um lokun máls.
- Málum er eftir atvikum vísað áfram til stjórnenda, nemendaverndarráðs, barnaverndar eða lögreglu.
- Mál sem ekki leysast er vísað í önnur úrræði svo sem til stjórnenda, nemendaverndarráðs, barnaverndar eða lögreglu.

5. Eftirfylgni

- Eftirfylgni með málum eftir að þeim hefur verið lokað er að jafnaði 3 mánuðir.
- Haft er samband við umsjónarkennara u.þ.b. einu sinni í mánuði, sem er í stöðugum samskiptum við nemanda, og fengnar eru upplýsingar um líðan nemanda.

Dæmi um inngrip vegna samskiptavanda

- Næstu bekkjarfundir skipulagðir með umræðum um samskipti og félagsfærni.
- Sáttaleiðin notuð í auknu mæli.
- Starfsfólki á skólastiginu gerð grein fyrir málinu og áætlun um úrvinnslu.
- Aukin afskipti af aðilum í kennslustundum/ frímínútum / mat.
- Næstu bekkjarfundir eru tileinkaðir jákvæðum samskiptum.
- Almennur póstur á foreldra bekkjarins um mikilvægi jákvæðra samskipta og stuðnings foreldra.
- Samtal við foreldra barna sem eiga aðild að samskiptavandanum.
- Foreldrar eru hvattir til þátttöku.
- Hópefli skipulagt.
- Viðbótar fræðsla í bekknum.
- Vikuleg viðtöl við náms- og starfsráðgjafa.
- Vikuleg viðtöl við þroskaþjálfara.
- Vikuleg viðtöl við iðjuþjálfara.
- Vikuleg viðtöl við deildarstjóra.

Dæmi um inngrip vegna eineltis eða ofbeldis

- Fulltrúi úr samskipta- og eineltisteymi eða deildarstjóri fylgir aðilum málsins eftir með vikulegum viðtölum þar sem notast er við viðtalsramma.
- Regluleg samskipti við foreldra.
- Næstu bekkjarfundir skipulagðir með umræðum um samskipti og félagsfærni.
- Aukin afskipti af nemendum í tímum, í frímínútum og í matsal.